

Skýrsla æskulýðs-og fræðslunefndar Ljúfs 2018

Ljúfsfélagar höfðu til afnota reiðhöll Eldhesta eitt kvöld í viku sl. vetur. Félagsmenn eru sérstaklega hvattir til að mæta með börnin í opna tíma í reiðhöllinni.

Reiðnámskeið voru haldin fyrir börn og fullorðna á félagssvæði Ljúfs í vor, Sjöfn Sæmundsdóttir var kennari.

Reiðnámskeið voru haldin hjá Eldhestum á Völlum í júní skv. samstarfssamningi við Hveragerðisbæ. Þar gefst börnum á grunnskólaaldri í Hveragerði kostur á að fara á reiðnámskeið í eina viku fyrir lítið verð. Eldhestar skaffa hesta og reiðtygi en einnig má koma með sinn hest. Kennari var Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir.

Í boði var ókeypis þjálfun hjá reiðkennara til undirbúnings fyrir Landsmót

Börnin tóku þátt í árlegu Hestafjöri hjá Sleipni á Selfossi og lukkaðist það vel

Sameiginlegur æskulýðsreiðtúr Ljúfs, Háfeta og Sleipnis var hjá Sleipni þetta árið. Farið var í góðan reiðtúr og grillaðar pylsur á eftir.

Æskulýðsnefndin sér um að Ljúfsfélagar beri fána í sknúðgöngu í Hveragerði á 17. júní og teymt er undir börnum eftir hátíðahöldin og það slær alltaf í gegn!

Æskulýðs-og fræðslunefnd Ljúfs
Aldís, Bryndís, Smári og Snævar